


„Íslensk vísindastefna getur naumast orðið óbreytt útgáfa af vísindastefnu einhvers annars lands, þar sem þjóðfélagsgerð er önnur, náttúruauðlindir allt aðrar, sögulegar forsendur jafnvel gerólíkar og efnahagsstærðir í flestu ósambærilegar."

okkur tækifæri til þess að vinna úr.

Vandasöm stefnumótun

Eigi að síður verða Íslendingar að meta aðfengna þekkingu og annarra reynslu af gagnrýni. Hlutverk okkar er að hugsa fyrst og fremst um það að aðlaga annarra reynslu íslenskum aðstæðum og viðhorfum. Íslensk vísindastefna getur naumast orðið óbreytt útgáfa af vísindastefnu einhvers annars lands, þar sem þjóðfélagsgerð er önnur, náttúruauðlindir allt aðrar, sögulegar forsendur jafnvel gerólíkar og efnahagsstærðir í flestu ósambærilegar.

Við skulum auk þess aðgæta það, að erfitt er að ákveða einu sinni fyrir allt hvernig eigi að nýta auðlindir landsins og byggja upp atvinnulifið kerfisbundið. Það er vandasamt verk. Vafamál er að slíkt sé verkefni vísinda í venjulegum skilningi þess orðs. Nýting auðlinda er pólitískt mál, sem þó verður að framkvæma með aðstoð vísindanna. Enginn dregur í efa að hér er samspil á milli vísinda og stjórnmála. En umræður um þetta efni eru skammt á veg komnar á Íslandi.

Við getum að vísu orðið ásáttir um hverjar séu helstu náttúruauðlindir Íslands. Við getum talið þær upp og sagt:

orkulindir
fiskimiðin
jarðargróðinn o.s.frv.

Þar með er ekki sagt að við séum allir sammála um hver þessara náttúruauðlinda sé gjöfulust og hvernig eigi að nýta þær, jafnvel ekki hversu hratt eigi að nýta þær, s.s. orkulindirnar.

Ég vil benda á að margir Íslendingar vilja forðast þá villu að móta vísindastefnu, sem gengur ósveigjanlega út frá því að orkufrekur iðnaður, — sem einnig er fjármagnsfrekur og mannfrekur á íslenska vísu, — eigi að hafa forgang í uppbyggingu atvinnulífsins næstu 10-20 ár. Á þessu stigi er ekki hægt að ganga út frá viðtækri stóriðju sem höfuðnauðsyn og hinu eina úrræði fyrir íslenskt þjóðfélag. Orkufrekur iðnaður á sinn rétt, en hann á ekki allan réttinn.


Fátt bendir til annars en að sjávarútvegur og fiskiðnaður verði um langa framtíð öruggustu atvinnuvegir landsins. Þess vegna ber að beina vísindarannsóknum og vísindalegri menntun, þ.e. fjölbreyttri háskólamenntun, enn frekar að þessum atvinnugreinum.

Með þessu er ég ekki að gera lítið úr hinum miklu auðlindum sem felast í vatnsorku og jarðvarma. Ég er aðeins að vara við því að menn sjái ekkert annað. Íslenskur fiskiðnaður er að vísu einhæfur og bundinn við ákveðnar framleiðslutegundir, sem iðngreinin hefur þó náð góðum tökum á innan sinna takmarka. En íslenskur fiskiðnaður hefur miklu meiri vaxtar- og þróunarmöguleika en almennt virðist viðurkennt. Þótt fiskiðnaður sé að ýmsu leyti storknaður í óumbreytanlegum framleiðsluformum eins og sakir standa, þá þarf það alls ekki að þýða eilífa stöðnun.

Gallinner hins vegar sá að fiskiðnaðurinn er fjárvana og frumkvæðislítill um nýjungar. Auk þess vantar vísindalegan áhuga á að auka fjölbreytni fiskiðnaðar og betri nýtingu sjávaraflans. Framtaksmestu vísindamennirnir horfa í aðrar áttir að því er virðist.

Ég er í hópi þeirra, sem vilja móta íslenska vísindastefnu þannig, að hún glæði m.a. áhuga vísindamanna og háskólaborgara yfirleitt á vaxtamöguleikum fiskiðnaðar og reyndar annars matvælaiðnaðar, sem ætti að henta vel á Íslandi þar sem þjóðfélagið er lítið og fámennt og verður að sníða sér stakk eftir vexti í sambandi við uppbyggingu atvinnulífsins.

Ingvar Gíslason.



■ Hallsteinn Sigurðsson við eitt verka sinna á Kjarvalsstöðum.

spennu, eða innri ró, eða tign, sem góðum höggmyndum fylgja.

Þó hafa verk hans aldrei verið „billig" og ávallt voru þau laus við sýndarmennsku og innantómar glæsileik, sem maður sér svo víða. Hallsteinn er heilsteyptur listamaður, sem hefur farið eigin götur.

Hann hefur gjört tilraunir, sumar áhugaverðar, en á sýningunni núna sleppir hann þeim, t.d. „gólfmyndum", er ég nefni svo.

Það væri orðum aukið að í myndir hans vanti allan neista, en helsti galli skúlptúra hans hér áður var sá, að myndirnar þoldu ekki öll sjónhorn. Urðu að standa við vegg til að njóta sín.

Nú hefur hins vegar orðið áhugaverð þróun í listsköpun hans. Meiri innri átök eru í verkunum og þau vekja upp sérstakar tilfinningar. Þá hefur sú breyting orðið á, að myndirnar þola „allan hringinn" án þess að dofna, en það er eitt veigamesta atriði allrar höggmyndalistar.

Hallsteinn Sigurðsson hefur því að voru mati, tekið stórstígum framförum. Hann vinnur myndir sínar í epoxy kvars, eða flestar. Hann notar líka steinsteypu og einnig plötujárn, og hann er smiður góður, eða vandvirkur, en hroðvirkni í gerð skúlptúra hefur einmitt verið eitt helsta mein höggmyndlistar og nýlistar hér á landi um langt skeið, þótt auðvitað séu þar á undantekningar.

Þó hefur maður það á tilfinningunni að einstaka myndir þyrftu að vera stærri, en höggmyndir má stækka, en til þess þarf auðvitað bæði fjárhagslegt bolmagn og aðstöðu.

Hallsteinn Sigurðsson vex mikið sem myndlistarmaður með þessari sýningu og vill undirritaður hvetja menn til þess að láta hana ekki fram hjá sér fara, en sýningunni lýkur 20. september.

samvinnuþættir

Hingað, en ekki lengra!

■ Sunnudaginn 13. sept. s.l. birti Morgunblaðið að venju Reykjavíkurbréf sitt. Að ýmsu leyti er þetta bréf athyglisvert. Það gefur í raun tilefni til margvíslegra athugasemda en hér verður að sinni látið nægja að vitna til niðurlagskafla þess, sem ber fyrirsögnina „Sambandsmenn þurfa að hugsa sín mál."

Blaðið tekur að sér að vera ráðgjafi samvinnumanna. Kjarni ráðleggingar þeirra er einfaldur. Hann er fyrst og fremst þessi:

Verið ekki að ryðjast inn á þau svið atvinnulífsins sem einkaframtakið sinnir.

Farið ykkur hægt við að byggja upp íslenskt atvinnulíf.

Látið ykkur nægja að bæta og efla þau frystihús sem nú eru innan vébanda hreyfingarinnar.

Ef þið breytið ekki um stefnu hlýtur einkareksturinn að hervæðast og snúa vörn í sókn.

Hvernig líst samvinnufólkinu á þennan boðskap?

Hér er einfaldlega sagt við samvinnufélögin: Hingað, en ekki lengra. Grunntónninn er: Verið ekki að skipta ykkur af því, sem ykkur kemur ekki við. Haldið ykkur á þeim bás, sem ykkur er nú afmarkaður og látið einkaframtakið í friði.


Fyrst er nú þess að geta að einkaframtakið á engan lögheilgaðan rétt á sviði verslunar eða atvinnulífsins almennt. Mörg rekstrarform hafa unnið sér þegnrétt hjá okkur, og hér ríkir athafnafrelsi sem gefur okkur kost á að velja milli leiða og form í atvinnulífinu. Einkarekstur — hlutafélagarekstur — samvinnurekstur — bæjarrekstur og ríkisrekstur hafa svigrúm, rétt og frelsi til að sýna hæfni sína. Það form sem best dugar sækir fram. Þetta er einföld staðreynd sem samkeppnismönnum ætti að vera skiljanleg.

Hvert myndi samvinnustarfið vera ef á boðskap Morgunblaðsmanna hefði verið hlýtt og eftir honum farið? Farið ykkur hægt, segja þeir við samvinnufólkið. Þetta er gamall boðskapur í nýjum búningi.

Samkeppnismenn hafa oft runnið af hólmi þegar baráttu hefir verið þörf. Þá hefir verið kallað á samvinnusamtökin. Þau hafa ekki hikað við að nota afl sitt og traust til að takast á við vandamálin.

Í sókn

Í stað þess að fylgja ráðleggingu Morgunblaðsins um að fara sér hægt, sækir samvinnuformið fram. Þessa dagana erum við minnt á það, að samvinnumenn í Borgarnesi hafa lokið við byggingu mjólkurstöðvar. Það eitt er stóráfak. Kaupfélagið í Keflavík er að byrja á nýju myndarlegu verslunarhúsi. Kaupfélagið í Hafnarfirði hefir tekið í notkun nýtt verslunarhús. Á Blönduósi er verið að ljúka við byggingu stórgripasláturhúss. KEA lagði til framkvæmda einn og hálfan miljarð á s.l. ári. Kaupfélagsmenn á Þingeyri eru að láta byggja nýjan togara fyrir sig á Akureyri. Þetta er aðeins brot af því, sem samvinnumenn eru að fást við. Það er því síður en svo, að þeir fylgi Morgunblaðsreglunni: Farið ykkur hægt. Svo er gráu bætt ofan á svart og verið að ásælast eitt af lömbum fátæka mannsins með því að yfirtaka frystihús á Suðureyri.



■ Nýja mjólkurstöðin í Borgarnesi.

Allt þetta er talið af hinu illa. Nú flokkast þessar og aðrar framkvæmdir einfaldlega undir það, að Sambandið eða kaupfélögin séu að ryðjast inn á heilög vé einkareksturssmanna. Öllu er þessu gefið ein einkunn — útþensla — fjárfesting. — Og þegar nú samvinnumenn eiga hlut að máli er fjárfesting notað sem argasta skammaryrði. Það er raunar nýlunda að snúa hugtakinu á þann veg því að fjárfesting er venjulega tengd framförum og nýrri uppbyggingu til gagns fyrir þjóðfélagið í heild.

Það er að sjálfsögðu ekki sama til hvers fjármunum er varið. Þegar þjóðfélagið sjálft á í hlut er höfuðatriði að það noti lánstraust sitt og afla fé til nauðsynlegra og arðbærra framkvæmda. Þetta á við um virkjun fallvatna okkar. Sama máli gegnir þegar höfuðborgin kaupir nýjan togara. Fjármunir til þess eru ekki í lófanum en lánstraust getur komið málinu í höfn.

Á svipaðan hátt vinna samvinnusamtökin að framfaramálum sínum og atvinnuuppbyggingu. Jöfnum höndum er stuðst við eigin fjármuni og lánsfé.

Samvinnumenn láta ekki Morgunblaðið segja sér fyrir verkum eða ráða ferðinni. Ný verkefni bíða þeirra víðsvegar og tekist verður á við þau hér eftir sem hingað til hvernig svo sem einkarekstursmenn skipa vörn sinni og viðnámi.



Hjörtur Hjartar skrifar